



## AÐALSKIPULAG HRUNAMANNAHREPPS 2016-2032

Hlíð – frístundabyggð,

Frístundabyggð / skógræktar- og landgræðslusvæði

14.12.2021



## Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## Skipulagsferli

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_

<u>Höfundur</u>	<u>Dags.</u>	<u>Verknr.</u>	<u>Rýni</u>
SOS / ÁJ	14.12.'21	2775-016	AB

## EFNISYFIRLIT

1	<b>INNGANGUR</b>	4
1.1	<b>Skipulagsgögn</b>	4
2	<b>FORSENDUR</b>	4
2.1	<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b>	4
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	4
2.1.2	Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032	5
2.1.3	Deiliskipulag	7
2.2	<b>Minjar</b>	7
3	<b>BREYTING Á AÐALSKIPULAGI</b>	7
4	<b>UMHVERFISÁHRIF</b>	8
4.1	<b>Vægi umhverfisáhrifa</b>	9
4.2	<b>Umhverfisþættir matsspurningar og viðmið</b>	9
4.3	<b>Umhverfisþættir matsspurningar og viðmið</b>	9
5	<b>MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR</b>	11
5.1	<b>Skipulags og matslýsing</b>	11
6	<b>UPPDRATTUR</b>	11

## 1 INNGANGUR

Hrunamannahreppur vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á jörðinni Hlíð 1 er um 13 ha frístundabyggð F1, það svæði verður stækkað og verður eftir stækkun um 23 ha. Einnig verður afmarkað allt að 65 ha skógræktar- og landgræðslusvæði. Í dag er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi og telst ekki til úrvals ræktunarlands.

### 1.1 Skipulagsgögn

Greinargerð þessi með forsendum og umhverfisskýrslu. Skipulagsuppráttur.

Gerð verður breyting á greinargerð og sveitarfélagsupprætti.

## 2 FORSENDUR

Jörðin Hlíð (spilda 1, landnr. 221538) er skráð 6,1 km<sup>2</sup> í Þjóðskrá. Hún hefur verið í eyði um langt skeið. Stofnaðar hafa verið frístundalóðir úr jörðinni, en þær hafa ekki verið afmarkaðar skv. vef Þjóðskrár og standa þar nú 6 frístundahús (skra.is – des. 2021). Gert var samkomulag um að girða allt að 118 ha spildu til skógræktar og innan spildunnar var rúmum 60 ha skipt í fjóra hluta. Nú eru allt að 60 ha ætlaðir sem skógræktar- og landgræðslusvæði og þar af er um 23 ha spilda afmörkuð til frístunda- byggðar.

Jörðin er hæst austan til þar sem er toppur Hlíðarfjalls. Jörðinni hallar til vesturs niður að Fossá og Dalsá. Hlíðarfjall er lítt gróið en gróður eykst þegar neðar kemur. Talsvert rof er þó víða í gróðurþekj- unni og mikið af minni leysingavatnsfarvegum. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofn- unar Íslands eru helstu vistlendi tún og akurlendi, graslendi, mólendi, lúpína, moslendi og votlendi. Nokkrar vistgerðir sem taldar eru með hátt eða mjög hátt verndargildi finnast á svæðinu; víðikjarrvist hraungambravist, runnamýrarvist á láglandi, starungsmýrarvist, grasmóavist og língresis- og vinguls- vist.

Samkvæmt vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands um náttúruvörðun sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, þá eru engin slík svæði innan jarðarinnar.

Aðkoma að svæðinu er af Skeiða- og Hrunamannavegi (nr. 30), heimreið að Tungufelli/Jaðri og slóða/vegi um svæðið.

### 2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Við breytingu á aðalskipulaginu er horft til eftirfarandi áætlana:

#### 2.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í Landsskipulagsstefnu eru settar fram eftirfarandi áherslur sem sveitarfélagið þarf að horfa til:

### Kafli 2.2.1 Byggð falli að landslagi og náttúru

„Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið að byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Um leið verði gætt að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar. [...]. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum“.

### Kafli 2.3.1 Skipulag landbúnaðarlands.

„Í aðalskipulagi byggist skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland“.

### 2.1.2 Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032

Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032 var staðfest í janúar 2018. Í aðalskipulaginu er svæðið, sem breytingin tekur til skilgreint sem frístundabyggð og landbúnaðarsvæði.

Fjöldmörg svæði fyrir frístundabyggð eru í Hrunamannahreppi. Stefna sveitarfélagsins miðar að því að ný byggð tengist að jafnaði þeirri byggð eða frístundabyggð sem fyrir eru í sveitarfélaginu.

#### Áherslur aðalskipulags fyrir frístundabyggð

- „Ný hverfi verði að jafnaði í tengslum við núverandi sumarhúsabyggð.
- Sameiginlegar veitur verði þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum, þannig að þjónustukerfi s.s. vegir og veitur nýtist sem best.
- Frístundabyggð verður ekki heimiluð á úrvals ræktunarlandi eða á vásvæðum vegna náttúruvár.
- Skipulag byggðar taki mið af því að halda opnum gömlum leiðum, þ.m.t. hefðbundnum göngu- og reiðleiðum og almennum gönguleiðum milli aðliggjandi svæða.
- Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu  $\frac{1}{2}$  - 1 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03. Í ákveðnum tilfellum geta frístundalóðir þó verið minni og nýtingarhlutfall allt að 0,05.
- Aukahús á frístundalóðum skulu að jafnaði ekki vera stærri en 40 m<sup>2</sup>.“

#### Áherslur aðalskipulags fyrir landbúnaðarland

- „Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland, (flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
- Landbúnaður verði eflur sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.
- Landbúnaðarland er flokkað með það að markmiði að vernda gott akuryrkjuland til matvælaframleiðslu til framtíðar.

- *Byggingar, samfelld skógrækt o.fl. sem hamlar ræktunarmöguleikum er að jafnaði ekki heimil á góðu landbúnaðarlandi (flokki I og II) eða verndarsvæðum, en getur eftir atvikum verið í jaðri svæðanna eða þar sem sýnt er fram á að flokkun lands er önnur en gengið er út frá í aðalskipulagi“.*

### Flokkun landbúnaðarlands


Markmið með flokkun landbúnaðarlands er að tryggja sem best að góðu ræktunarlandi verði ekki spillt með óábyrgu skipulagi eða landnýtingu sem komið geti í veg fyrir mögulega ræktun. Landbúnaðarland í Hrunamannahreppi var flokkað í fjóra flokka. Í flokkuninni er flokkur I kjörlendi fyrir akuryrkju og besta ræktunarlandið.

Land jarðarinnar Hlíðar 1 er í flokki IV – Annað land. Um það segir: „Ýmsar landgerðir þar sem ekki verður um samfellda jarðrækt að ræða m.a. vegna þess að jarðvegur er mjög rýr, grjót í eða við yfirborð og halli oft mikill. Land yfirleitt í a.m.k. 200 m hæð en einnig eru þetta aurasvæði jökulvatna, sandsvæði og strandsvæði næst sjó. Einnig melasvæði og grjótholt, hlíðar og fjöll.“

*Land í flokki IV er oft hentugt til beitar og nýtt til sumarbeitar eða heilsársbeitar þegar um láglendis-svæði er að ræða. Þá kunna þau svæði að vera ákjósanleg til skógræktar og uppgræðslu m.a. með það að markmiði að bæta landgæði til ræktunar / nýtingar“.*

### Áherslur um skógræktar- og landgræðslusvæði

- Skógrækt verði eflað til landbóta, m.a. í tengslum við Suðurlandsskóga.
- Skógrækt verði áfram nýtt til að bæta búsetuskilyrði m.a. til skjóls og útivistar.
- Skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis.
- Forðast skal að setja gott landbúnaðarland (flokk I og II) undir samfellda skógrækt. Forðast skal að takmarka útsýni eða skerða gildi minja og verndarsvæða með uppgræðslu eða skógrækt.



Hluti af Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Hlíð 1 er innan rauða hringsins.

### Samræmi breytingarinnar við landsskipulagsstefnu og gildandi aðalskipulag

Breytingin er talin vera í samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag. Landbúnaðarland er ekki í úrvals flokki til ræktunar, flokkast aðallega í flokk IV, sem telst ákjósanlegt land til skógræktar og landgræðslu. Skógur myndar skjól og getur þannig eftl ræktunarmöguleika umhverfis. Skógar eru kjörnir til útivistar. Þá bindur skógur kolefni í gróðri og jarðvegi. Með breytingunni er afmörkun frístundabyggðar yfirfarin og breytt lítillega. Svæðið liggur vel m.t.t. vega og veitna sem fyrir eru á svæðinu.

#### 2.1.3 Deiliskipulag

Eitt deiliskipulag er í gildi fyrir jörðina Hlíð 1, dags. 17.08.1995. Þar er gert ráð fyrir 4 frístundalóðum.

## 2.2 Minjar

Aðalskráning fornminja hefur farið fram í Hrunamannahreppi. Engar þekktar minjar eru innan þess svæðis sem breytingin nær til.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

## 3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Í breyttu aðalskipulagi verður afmörkun frístundasvæðisins F1 yfirfarin m.t.t. lóða í deiliskipulagi. Heimilaðar verða minni frístundalóðir en almennt er gert ráð fyrir í aðalskipulagi Hrunamannahrepps, eða allt niður í 1000 m<sup>2</sup>. Einnig verður afmarkað landgræðslu- og skógræktarsvæði.

### Breytingar á sveitarfélagsupprætti:

Afmörkun frístundabyggðarinnar F1 er breytt, svæðið stækkar um 10 ha til norðurs og vesturs.

Afmarkað er nýtt svæði skógræktar og landgræðslu, SL11 og innan hennar er afmarkað svæði til frístundabyggðar, þar sem einnig er heimilt að planta trjám, skv. skilmálum SL11.

### Breytingar á greinargerð:

Í gildandi skipulagi, kafla 2.1.3 Frístundabyggð, er eftirfarandi texti um F1:

Nr	Heiti	Lýsing og skilmálar	Jörð
F1	Hlíð	Nokkur hús eru á svæðinu. Deiliskipulag fyrir 4 lóðir. Stærð svæðis er um 13 ha.	Hólshús

Í breyttu skipulagi, kafla 2.1.3 Frístundabyggð, er eftirfarandi texti um F1:

Nr	Heiti	Lýsing og skilmálar	Jörð
<b>F1</b>	<b>Hlíð</b>	Nokkur hús á svæðinu. Lóðastærðir heimilaðar frá 0,1 til 1,0 ha og nýtingarhlutfall lóða allt að 0,05. Hámarks byggingarmagn á hverri lóð skal þó aldrei fara yfir 300 m <sup>2</sup> . Heimilaðar eru allt að 30 frístundalóðir. Heimild til skógræktar í samræmi við ákvæði SL11. Stærð svæðis er um 23 ha.	Hlíð

Í breyttu skipulagi, kafla 2.2.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði, er afmarkað nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði SL11:

**TAFLA 3.** Texti í breyttu aðalskipulagi.

Nr	Heiti	Lýsing og skilmálar	Jörð
<b>SL11</b>	<b>Hlíð</b>	Skógrækt og landgræðsla. Stærð allt að 65 ha. Við skipulag skógræktar á svæðinu skal hafa í huga að vernda líffræðilega fjölbreytni, taka tillit til vistgerða með mjög hátt verndargildi og forðast að raska þeim. Forðast skal að planta skógi í blautasta landið og viðhalda þannig votlendi svæðisins og fjölbreyttara kjörlendi fyrir fugla.  Hvatt er til þess að á skógræktarsvæðinu verði gerðir áningarstaðir og útivistarstígar fyrir fjölbreytta útivist. Eftir atvikum geti stígarnir tengst öðrum stígum/leiðum um jörðina.  Við nákvæmari útfærslu skógræktarsvæðisins skal gerð grein fyrir plöntuvali og hugað að því hvernig hægt er að draga úr líkum á gróðureldum. Einnig skal gera grein fyrir flóttaleiðum. Skógrækt fylgi landslagi, m.a. verði ekki plantað í beinar línur.	Hlíð

Að öðru leyti gilda skilmálar/stefna í gildandi aðalskipulagi.

Umfang og yfirbragð frístundabyggðarinnar verður nánar útfært í deiliskipulagi.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Aðalskipulagsbreytingin markar stefnu um framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Framkvæmdin er ekki tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar þar sem hún er undir 200 ha að stærð.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með



breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

#### 4.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætla segir; „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

#### 4.2 Umhverfisþættir matsspurningar og viðmið

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Í matslýsingu voru tilteknir þeir umhverfisþættir sem líklegt væri að yrðu valdir til umfjöllunar í umhverfisskýrslu.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin. Við matið er horft til neðangreindra umhverfisþátta og leitast við að svara matsspurningum:

#### 4.3 Umhverfisþættir matsspurningar og viðmið

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Í matslýsingu voru tilteknir þeir umhverfisþættir sem líklegt væri að yrðu valdir til umfjöllunar í umhverfisskýrslu.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirliggjandi gögnum.

Við matið er horft til neðangreindra umhverfisþátta og leitast við að svara matsspurningum:

**TAFLA 1** Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Loft	Losun gróðurhúsalofttegunda og binding kolefnis.	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Stefna í aðalskipulagi.
Gróður og dýralíf	Hefur breytingin áhrif á líffræðilega fjölbreytni?	Vistgerðarkortlagning NÍ.
Ásýnd og landslag	Hefur breytingin áhrif á ásýnd og landslag?	Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Samfélag	Hefur breytingin áhrif á íbúa og atvinnulíf?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Minjar og verndarsvæði	Hefur breytingin áhrif á fornminjar?	Stefna í aðalskipulagi.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
	Hefur breytingin áhrif á náttúruminjar? Hefur breytingin áhrif á verndarsvæði?	
Heilsa og öryggi	Hætta á gróðureldum. Útivistarmöguleikar á skógræktarsvæðinu.	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.

### Valkostir og samanburður

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Breytt skipulag. Frístundabyggðin F1 er stækkuð úr 13 ha í 23 ha. Afmarkað er nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði, SL11, sem í gildandi skipulagi er landbúnaðarsvæði í flokki 4.
- Núll – kostur. Stærð og afmörkun frístundabyggðar óbreytt og skógræktar- og landgræðslusvæði óbreytt sem landbúnaðarsvæði.

### Breytt skipulag

Uppbygging frístundabyggða hefur áhrif á gróður og vistkerfi. Svæðið er gróið og gert er ráð fyrir að svo verði áfram því alla jafnan stunda eigendur frístundahúsa einhverja ræktun, t.d. trjárækt til skjólmyndunar umhverfis húsin. Gera má ráð fyrir að gróður breytist m.v. það sem er í dag. Áhrifin eru metin óveruleg á náttúru. Landbúnaðarland hefur verið flokkað í sveitarfélaginu. Samkvæmt flokkuninni flokkast svæðið í flokk IV, sem er ekki afburða land til túnræktar og akuryrkju.

Uppbygging breytir ásýnd svæðisins en þar sem um er að ræða stækkun á núverandi frístundabyggð eru áhrif á ásýnd og landslag metin óveruleg. Breytingin hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf meðan á uppbyggingu stendur og stuðlar að styrkingu byggðar og eflir tekjustofna sveitarfélagsins.

Áhrif á loft eru jákvæð. Með meiri skógrækt binst meira af kolefni í gróðri og jarðvegi. Auk þess eru settir skilmálar um að ekki verði skógrækt á blautasta landinu. Votlendi bindur einnig kolefni.

Áhrif á gróður og dýralíf eru óveruleg/jákvæð að því gefnu að við skipulag skógræktar og landgræðslu á svæðinu verði tekið tillit til líffræðilegrar fjölbreytni og vistgerða með mjög hátt verndargildi. Með því að sleppa því að planta í blautasta svæðið má viðhalda votlendi svæðisins og fjölbreyttara kjörlendi fyrir fugla.

Áhrif á ásýnd og landslag eru óveruleg. Með meiri skógrækt breytist ásýnd svæðisins og landslag á svæðinu hverfur í skóg. Það má samt telja ánægjulegt að sjá fallegan og gróskumikinn skóg með fjölbreyttu lífríki.

Áhrif á samfélag eru jákvæð því það verða til ný störf á uppbyggingartíma frístundahúsa og við gróðursetningu og umhirðu trjáa.

Áhrif á minjar og verndarsvæði eru engin að því gefnu að tekið verði tillit til þekktra minja og friðhelgaðs svæðis umhverfis þær, kunni að finnast áður óþekktar minjar.

Áhrif á heilsu og öryggi eru óveruleg/jákvæð. Jákvæð áhrif geta orðið vegna útivistarmöguleika ef stígar verða gerðir um skóginn. Ef leitast verður við að lágmarka hættu á gróðureldum þá eru áhrif á öryggi óveruleg.

### Núll kostur

Engin áhrif á náttúru. Áhrif á landnotkun eru jákvæð að því leyti að landbúnaðarland verður áfram óbreytt, en svæðið er þó ekki nýtt til ræktunar enda er svæðið ekki heppilegt til þess. Hlíð er ekki í byggð og ekki áform um búsetu og ólíklegt að svæðið verði nýtt til landbúnaðar. Áhrif á ásýnd og landslag, samfélag, minjar og verndarsvæði og heilsu og öryggi eru engin.

### Niðurstaða

Svæðið flokkast ekki sem úrvals landbúnaðarland þó hluti þess geti hentað til ræktunar og um sé að ræða ágætis beitiland, þó víða séu rofsár.

Skógrækt stuðlar að bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi. Þá er ákjósanlegt að svæðið geti að einhverju leyti nýst til útivistar (göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir).

Sveitarstjórn telur jákvætt að ráðist verði í frekari skógrækt á svæðinu en gætt verði að því að vernda blautasta landið sem votlendi og kjörlendi fyrir fjölbreyttara fuglalíf. Þar sem ekki er lengur hefðbundinn búrekstur á jörðinni er jákvætt að landið verði nýtt til skógræktar og landgræðslu.

## 5 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

### 5.1 Skipulags og matslýsing

Skipulagslýsing vegna breytingar aðalskipulags og deiliskipulags kynnt til 26 nóv. 2021 og bárust umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landgræðslunni, Minjastofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Skipulagsstofnun. Einnig barst ábending frá Magnúsi G. Magnússyni varðandi fjölda lóða og landbúnaðarnýtingu jarðarinnar.

Eftir atvikum hefur verið brugðist við innsendum ábendingum og athugasemdum.

Umsagnaraðilar við breytingu aðalskipulags eru m.a. eftirtaldir:


- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin

Einnig kann tillaga að verða send til annarra umsagnaraðila s.s. innan stjórnkerfis sveitarfélags, ef þurfa þykir.


## 6 UPPDRÁTTUR

# Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032

Breyting í Hlíð - frístundabyggð, skógræktar- og landgræðslusvæði



Breyttur aðalskipulagsuppráttur



Gildandi aðalskipulagsuppráttur

## SKIPULAGSGÖGN

Aðalskipulagsuppráttur  
Greinargerð, forsendur og umhverfisskýrsla.

## ATVINNA OG BYGGÐ

- F Frístundabyggð
- L Landbúnaðarsvæði
- SL Skógræktar- og landgræðslusvæði
- I Iðnaðarsvæði
- E Efnistöku- og efnislosunarsvæði

## SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Megin reiðleiðir
- Hitaveita
- Vatnsveita

## TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

- HV Hverfisvernd
- VB Vatnsból
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Náttúruvá

## TÁKN TIL SKÝRINGAR

- Landamerki, óviss og ekki tæmandi
- Ræktað land
- Akuryrkjuland, flokkur I og II
- Svæði sem breytingin nær til



0 2 km



Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032  
Breyting í Hlíð - frístundabyggð, skógræktar- og landgræðslusvæði

VERK: 2775-016-09      BLAÐSTÆRD: A4      UNNIÐ: SOS      RÝNT: ÁJ

MÆLIKVARÐI: 1:50.000      DAGS: 14.12.2021      DAGS.BREYT: ---

SAMÞYKKT: **TILLAGA**